

Fundur Framkvæmdaráðs Delta Kappa Gamma á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar laugardaginn 12. sept. 2015 kl. 10-15

Upphaf fundar

Fyrir fundinn bauð stjórnin upp á kaffi og meðlæti.

Landsambandsforseti Eygló Björnsdóttir bauð konur velkomnar. Kristín Jónsdóttir fyrsti varaforseti kveikti á kertunum þremur.

Sigríður Johnsen annar varaforseti las markmið samtakanna.

Guðbjörg Sveinsdóttir fráfarandi forseti, fór með orð til umhugsunar. Fór yfir veru sína í samtökunum og hvað einkennir konur í þeim. Síðastliðin 2 ár hefur Guðbjörg verið forseti og sagðist hafa átt skemmtilegt ferðalag með konum um allt Ísland. Þakklæti væri henni efst í huga fyrir kærleika og hlýju hvarvetna. Guðbjörg hvatti konur til virkni og þátttöku í samfélaginu – að við skiptum máli, ættum að taka að okkur embætti, til dæmis að taka sæti í erlendum nefndum. Lauk á ljóði Vilborgar Dagbjartsd., Haust.

Fundargerð síðasta framkvæmdaráðsfundar

Jónína stiklaði á stóru í fundargerð síðasta framkv.ráðsfundar 6. sept. 2014, sem líka var haldinn á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar í skjóli Ingibjargar Einarsdóttur.

Kynning á núverandi stjórn

Forseti kynnti stjórn Landsambandsins:

Eygló Björnsdóttir Betadeild forseti,

Kristín Jónsdóttir Gammadeild 1. varaforseti,

Sigríður Johnsen Kappadeild 2. varaforseti,

Jónína Eiríksdóttir Deltadeild ritari,

Inga María Ingvarsdóttir Þetadeild meðstjórnandi.

Þá hefur Jensína Valdimarsdóttir í Deltadeild samþykkt málaleitan Eyglóar um að gegna embætti gjaldkera áfram og Auður Torfadóttir Etadeild sömuleiðis að vera lögsögumaður.

Formenn deilda:

Formenn deilda kynntu sig og sögðu lítillega frá eigin aðkomu í samtökin og flestar tæptu á að skipulag vetrarins væri í burðarliðnum eða tilbúið:

Sigríður Ragna frá Alfadeild, staðgengill Steinunnar Ármansdóttur, Björk Sigurðardóttir Betadeild Kristín Bjarnadóttir Gammadeild, Theodóra Þorsteinsdóttir Deltadeild, Erna Ingvarsdóttir Ypsilondeild boðaði forföll, Sigríður Herdís Pálsdóttir Zetadeild, Bryndís Guðmundsdóttir Etadeild, Kristín Ósk Jónasdóttir Iotadeild, Gunnlaug Hartmarsdóttir Kappadeild, Alma Dís Kristinsdóttir og Guðrún Þóra Vilhjálmsdóttir báðar í Lambda, þær munu skipta formannsembættinu með sér í forföllum Kolbrúnar Þ. Pálsdóttur, Ingibjörg Margrét Magnúsdóttir Mýdeild og Sigrún Ásta Jónsdóttir Þetadeild.

Nefndir:

Uppstillingarnefnd er kosin á hverju Landsambandsþingi og vorið 2015 voru eftirtaldar konur kosnar í hana: Ingibjörg Jónasdóttir formaður Gammadeild, Marta Guðjónsdóttir Alfadeild og Guðríður Sigurðardóttir Iotadeild.

Í hverja aðrar fastanefndir skipar forseti að lágmarki þrjár konur að fenginni tillögum frá framkvæmdaráði. Þær eru sem hér greinir....

Laganefnd: Steinunn Guðmundsdóttir Iotadeild formaður, Halldóra Jónsdóttir Deltadeild og Bryndís Guðmundsdóttir Þetadeild.

Félagi og útbreiðslunefnd: Sigríður Guttormsdóttir Epsilondeild formaður, Sigríður Guðnadóttir, Epsilon, Elín Elísabet Magnúsdóttir Betadeild.

Menntamálanefnd: Sigríður Herdís Pálsdóttir Zeta formaður, Sigríður Ruth Magnúsdóttir Zetadeild, Birna María Svanbjörnsdóttir Mýdeild, Jenný Gunnbjörnsdóttir Mýdeild, Erna Jessen Alfadeild.

Námstyrkjanevnd: Sigrún Ásta Jónsdóttir formaður Betadeild, Ágústa Unnur Gunnarsdóttir Etadeild og María Steingrimsdóttir Betadeild.

Samskipta- og útgáfunefnd: Sólborg Alda Pétursdóttir Kappadeild formaður, Sigrún Kristín Magnúsdóttir Kappadeild og Erla Guðjónsdóttir Kappadeild.

Erlendar nefndir:

Ísland á 8 konur í alþjóðlegum nefndum.

Constitution Committee: Auður Torfadóttir Etadeild

Educational Excellence Committee: Guðný Helgadóttir Gammadeild

Educators Award Committee: Dagbjört Ásgeirsdóttir Mýdeild

European forum: Krístrún Ísaksdóttir Gammadeild

Membership Committee: Ingibjörg Jónasdóttir Gammadeild

Nominations Committee: Sjöfn Sigurbjörnsdóttir Alfadeild (frá 2014–2018)

Scholarship Committee: Sigríður Ragna Sigurðardóttir Alfadeild

World Fellowship Committee: Eygló Björnsdóttir Betadeild.

[Hlutverk Framkvæmdaráðs](#)

Eygló minnti á að framkvæmdavald á milli funda framkvæmdaráðs væri í höndum stjórnar og formanna. Því væri áriðandi að formenn svörður tölvubréfum fljótt og vel, svo þetta vald virkaði.

Næsta Landssambandsþing verður allra líklegast á Akureyri og Vorþingið í Reykjavík. Eygló varpaði því til hópsins að deild eða deildir í Reykjavík sjái um næsta vorþing 2016. Betadeild hefur boðist til að halda næsta Landssambandsþing árið 2017 á Akureyri í samstarfi við Mýdeild.

[Fréttir af starfi í alþjóðlegri nefnd, laganefnd](#)

Auður Torfadóttir sagði stuttlega frá störfum alþjóða laganefndarinnar (Constitution committee).

Haldinn hefur verið einn fundur í Austin og tveir símafundir og unnið þess á milli. Tíminn hefur farið í að sjá til þess að breytingar á lögnum endurspeglar í handbók og öðrum opinberum gögnum. Á næsta fundi í október 2015 verður aðalverkefnið að fara yfir breytingartillögur á reglugerð (International Standing Rules) sem verða lagðar fyrir alþjóðþingið 2016. Auður stóð fyrir vinnustofu og kynningu á Evrópuþinginu í Borås í sumar sem fulltrúi nefndarinnar. Hún lýsti því að starfið væri strembið á köflum en áhugavert, og samstarfið við bandarísku konurnar í nefndinni mjög gefandi. Þær væru með allan sinn lagabókstaf á hreinu. Hvatti Auður konur til að gefa kost á sér í nefndir þar sem það gæfi nýjan vinkel á störf Delta Kappa Gamma. Hún benti á að allar félagskonur gætu sent inn breytingartillögur við alþjóðalögin og reglugerðina.

[Fjárhagsáætlun](#)

Jensína gjaldkeri kynnti rekstraráætlun næstu tveggja ára. Fundurinn minnti á að frá því að áætlunin var samin hafi samtökin samþykkt á Landssambandsþingi að hækka árgjöldin. Jensína tók sér hlé til að uppfæra áætlunina samkvæmt þessu. Umræða um það, hvernig hærra gjald hér heima fyrir skilaði sér til íslensku samtakanna og hvernig gjaldinu væri yfir höfuð varið. Eygló ætlar að senda þessar upplýsingar sérstaklega til formanna eftir helgina.

Jensína hvatti formenn til að taka spil með sér heim í deildirnar til að selja. Spilin voru framleidd fyrir íslensku samtökin. Með því má auka hag samtakanna. Hún hvatti formenn til að standa við bakið á gjaldkerum sínum – til dæmis að halda þeim vel upplýstum um breytingar á félagaskrá. Innheimta á

að hafa farið fram fyrir 31. október. Formenn senda upplýsingar til gjaldkera samtakanna um félagana og gjaldkeri landssamtakanna sendir á félaganefndina, sem sendir þær upplýsingar síðan til alþjóðasamtakanna.

Alþjóðastarfið og styrkjamöguleikar

Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir skýrði uppbyggingu og útbreiðslu samtakanna. Nú eru samtökin með deildir í 17 löndum og nú síðast náðu samtökin fótfestu í Japan.

Hún fjallaði um útgáfurit samtakanna, sem væru:

- *Bulletin: International Journal for Professional Educators* Tímarit samtakanna.
- *ΔΚΓ News*. Alþjóðafréttir félagsins.
- *Presidents page*. Fyrir formenn deilda.
- Fréttabréf á Íslandi og hjá Landssamböndum og deildum sömuleiðis í öðrum löndum.
- Euforia. Evrópskt, rafrænt fréttabréf

Sérstaka áherslu lagði Sigrún á Euforia og vildi að Íslendingar tækju að sér umsjón með Euforia frekar en það leggist af eins og nú er hætt á.

Deildir og landssambönd eru nefnd eftir gríska stafrófinu, eða eftir löndum og svæðum. Grísku bókstafirnar, eru dálítið til trafala og nú eru deildir hvattar til að nefna sig eftir svæðum frekar en grísku bókstöfunum.

Næst fjallaði Sigrún um stöðu samtakanna og fjölda í þeim. Upplýsingar eru ekki tiltækar fyrir síðustu ár, þær yngstu eru frá 2010.

- Félagið er 86 ára (2015), það er stofnað árið 1929
- Félagar í Bandaríkjunum 110.000 (ca.98%)
- Félagar í Kanada 690
- Félagar í Evrópu 1100 í 8 löndum
- Félagar í Rómönsku Ameríku 360 í 6 löndum
- Félagar utan Bandaríkjanna ca. 2.100 (2%)

Sigrún sagði að félögum hefði farið fækkandi á síðustu árum og Ísland væri untantekning og skaraði framúr í mörgu tilliti. Samtökin horfðu hingað með virðingu því hér fjölgaði í samtökunum á meðan annars staðar fækkaði í þeim.

Félagar geta verið þrenns konar.

- Virkir félagar. Þær séu starfandi að menntamálum, eða hafa látið af störfum í menntageiranum.
- Aukafélagar. Konur sem hafa verið virkar en eru ófærar að taka þátt í störfum samtakanna af heilsufarsástæðum og/eða vegna búsetu.
- Heiðursfélagar. Hafa unnið markverð störf á svið fræðslumála en eru ekki kjörgengar sem virkar félagskonur. Mega taka þátt í allri starfsemi en ekki gegna embættum. Við eigum einn heiðursfélaga á Íslandi en það er Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti.

Styrkir

Námsstyrkir hafa runnið til Íslands og við ættum sannarlega að vera duglegri við að sækja í þessa sjóði. International speakers fund, í hann sækir maður um að flytja fyrirlestur í útlöndum. Nafnið fer í gagnabanka og efnið verður kannski valið. Þá eru greiddar ferðir – uppihald af gestgjöfum.

Leadership-námskeið eru haldin í Texas. Þau eru eins og haldin eru fyrir „buisness leaders“ og eru mjög gagnleg. Education foundation styrkir verkefni um allan heim.

Sigrún Klara hvatti konur til að fylgjast með og „rétta út hendina“ til að fá styrki.

Lög samtakanna voru endurskoðuð árið 2010. Þá var öllum lögum breytt, margar nefndir höfðu þá orðið til og kannski voru þær orðnar of margar. Nefndum var fækkað. Sigrún taldi mikilvægt að konur sendu inn nafnið sitt til að lýsa sig reiðubúna til að taka þátt í nefndum samtakanna.

Útbreiðslunefnd samtakanna vantar nú nöfn á 50 kennurum í Póllandi til að undirbúa stofnun deildar þar. Sigrún lýsti eftir því, hvort einhver fundarkvenna þekkti til í Póllandi.

Sigrún Klara sagði okkar samtök standa sig vel með þátttöku í alþjóðlegu starfi sbr. það sem áður er komið fram með 8 konur í alþjóðlegum nefndum samtakanna. Þetta væri mikilvæg þátttaka okkar lands í að móta samtökin og taka virkan þátt.

Að lokum minnti Sigrún Klara á **afmæli íslensku samtakanna**. Það verður haldið hátíðlegt laugardaginn 7. nóvember næstkomandi. Afmælið hefst kl. 14, með málþingi, síðan verður móttaka og hátíðarkvöldverður. Hún hvatti allar fundarkonur að taka daginn frá og mæta. Einnig að hvetja deildir sínar til hins sama.

Hádegisverður til kl. 14:20

Fjárveiting til afmælisnefndar vegna 7. nóv. næstkomandi:

Fyrst eftir hádegisverð var tekin ákvörðun um að leggja fram **fé til afmælisnefndar** til að halda afmælið þann 7. nóvember. Samþykkt var að veita kr. 250 þús. til að greiða fyrir salinn og móttöku. Félagskonur greiði kvöldverðinn.

Vefmál

Forseti lagði áherslu á að að vefurinn sé í lagi hjá hverri deild og hver vefstjóri sjái um að hafa hann í lagi þegar næsta stjórn tekur við. Vetraráætlun komi inn að hausti, senda efni til vefstjóra Eyglóar, sem ætlar að sinna vefnum áfram.

Vefstjórar deilda með formanni sjái um að félagatalið sé rétt og breytingum sé komið til gjaldkera deildar. Hann kemur þeim upplýs. til landssambandsgjaldkera, sem kemur þeim til félaganefndar. Dagatal fyrir DKG á Íslandi er í smíðum. Bent var á hólfi á alþjóðsýðu samtakanna, **My DKG**, sem er einskona innri vefur samtakanna. Þar gæti verið áhugavert að taka þátt í ýmsum „grúppum“, t.d. leikskólakennara, áhugafólks um garðyrkju, matseld, bókasöfn o.s.frv. Til að komast inn á þennan innri vef þarf að nota ID númer sitt hjá samtökunum (er á félagaskírteininu) sem username og passwordið: **dkg2014society**

Formannsstörf

Forseti fór yfir helstu verkefni formanna. Hann stjórnaði fundum, ábygðin væri hans, þó hann stjórnir ekki út í ystu ásar. Hann kemur fram útávið, skipar í nefndir, ber ábyrgð á gjaldkera, tryggir að öll gögn séu aðgengileg, grisjar gögn, öll sem eldri eru en 2ja ára – senda Kvennasögusafni Íslands það, sem er eldra en það. Fram kom að Landssambandsstjórnin ætti að íhuga lög um skylduskil til Lbs. og eða Kvennasögusafns.

Stærsta hlutverk formannsins væri að tryggja góða mætingu og gott starf. Huga að því að boða fundi tímanlega og biðja félaga að tilkynna hvort þær koma eða ekki. Ein hugmynd væri að hópar lesi saman starfsáætlunina. Komi með tillögur að útfærslu eða breytingatillögur og aðrar hugmyndir.

Önnur mál voru engin en ýmislegt rætt

Fréttir frá Borås í Svíþjóð af Evrópuþingi. Gott þing en ekki tímamótþing.

Fréttatilkynning rædd um ályktun, sem samin var á fundi stjórnar fyrir skömmu. Borið upp að ályktunin verði birt á Facebook og til fjölmiðla. Þar kemur fram áskorun til yfirvalda að tryggja mannréttindi barna innflytjenda og væntanlegs flóttafólks. Fundurinn samþykkti að stjórnin gangi frá ályktuninni og sendi til fjölmiðla og alþingismanna.

Sigríður Ragna minnti á Scholarship-sjóðinn og að formenn hvetji félagskonur til að sækja. Byrja strax í haust að undirbúa umsóknina.

Rekstraráætlun gjaldkera. Jensína bar upp rekstraráætlun, þar sem hún hafði sett inn kostnað vegna 40 ára afmælis, sem samþykkt var eftir hádegið og hækkað árgjald til samtakanna, sem samþykkt var á Landsambandsþinginu s.l. vor.

Samþykkt samhljóða. Fundarkonur geta sent Jensínu flugmiðakvittanir og bensínnótur vegna ferðar á fundinn. gvjv@simnet.is

Umræður í hópum

Umræðupunktur:

Framkvæmdaáætlun – athugasemdir – hugmyndir að vænlegum leiðum og útfærslum

Einkunnarorð / Kjörorð starfstímabilsins

Hvernig styrkjum við deildirnar?

Hvernig stuðlum við að betri mætingu á fundi deilda?

Hvernig aukum við þátttöku í þingum og viðburðum landsambandsins?

Hverngi eflum við virkni félagskvenna?

Hvernig tryggjum við vöxt og viðhald deildar?

Væntingar til landsambandsstjórnar

Staðsetning landsamandsþings og vorþings

Tímasetning vorþings, 16. apríl eða 30 apríl?

Önnur atriði, sem konur vilja koma á framfæri.....

Niðurstöður hópanna, skilað á pappír til ritara, ekki kynntar yfir allan hópinn:

- Hóparnir hvetja til jákvæðni, hvatningu og hróss til allra þeirra, sem mæta á fundina. Ekki þusa yfir þeim, sem mæta.
- Láta félagi vita þegar fréttabréfið birtist á vefnum. Umræðan snerist líka um að fréttabréfin frá Ameríku ættu líka að vera á vefnum, þó þær sem vildu gætu fengið þau á pappír.
- Hafa samband við aðrar deildir og stuðla að gagnkvæmum samskiptum og heimsóknum.
- Til dæmis gætu deildir sameinast um að fara á vorþing/landsfund
- Opna á inngöngu ungra fræðikvenna
- Lesa saman fræðigreinar og bera saman bækurnar
- Biðja féлага um innlegg á fundum, það eykur virknina.
- Fylgja fundarboði eftir með hringingum til þeirra sem ekki hafa boðað sig 2 dögum fyrir fund.
- Hvetja konur til að sækja um styrki í sjóði samtakanna.
- Hvetja þær til að taka þátt í hópnum á Facebook
- Ekki geta um aldurstakmark eða viðmiðunaraldur þegar rætt er um væntanlega féлага - reyna að höfða til yngri kvenna.
- Að formaður lýsi því í upphafi fundar, hvað sé á döfinni og hvetji konur til virkni.
- Að framkvæma SVÓT- greiningu að hausti og grufla í styrkleikum og veikleikum deildarinnar.
- Ein tillaga að einkunnarorðum: "Konur fræða konur" – aðrar tillögur komu ekki að þeim.
- Á fundinum kom fram að heppilegasti tími fyrir vorþing 2016 sé 30. apríl, svo ekki þurfti að ræða þann punkt í hópnum.

Fundarlok

Eygló forseti ávarpaði formenn sérstaklega. Áriðandi að þeir nýttu reynslu til að gefa kost á sér til starfa fyrir lands- og alþjóðasambandið. Samvinna væri lykilatriði í öllu þessu samhengi. Hún þakkaði góðan fund og sagðist hlakka til að eiga samstarf við alla í framkvæmdaráði. Þakkaði góðan fund og flutti að lokum ljóðið Amstur dæganna eftir „listakonuna í Fjörunni“ Elísabetu Geirmundsdóttur, 1989.

Þakkaði svo Ingibjörgu Einarsdóttur fyrir aðstöðuna á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og alla umhyggju og aðbúnað.

Fundi slitið um kl. 15
Ritað af Jónínu Eiríksdóttur